

ÍSAN1AA05

Búið til: Thu, 15 Feb 2024 14:06:44 GMT

Titill

Íslenska sem annað mál 1

Skammstöfun

ÍSAN1AA05

Útgáfunúmer

39

Námsgrein

Íslenska sem annað mál

Viðfangsefni

A0-A1 í evrópska tungumálaramma

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Byrjunaráfangi í íslensku fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku. Áfanginn samsvarar A0-A1 í evrópska tungumálarammanum. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur kunni einhverja íslensku áður en þeir hefja nám í áfanganum. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði íslensku og byggi upp orðafröða sem tengist daglegu lífi þeirra og athöfnum

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnorðaforða og málnotkun sem tengjast daglegu lífi
- helstu framburðarreglum og ritunarreglum í íslensku
- samskiptavenjur og siði í íslensku samfélagi

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig í einföldum setningum og þekkja algeng orð sem tengjast daglegum athöfnum, fjölskyldu og nánasta umhverfi
- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt
- lesa einfalda texta um málefni sem tengjast daglegu lífi
- fylgja einföldum fyrirmælum og fara eftir eðlilegum samskiptavenjum
- taka þátt í einföldum samræðum
- geta skrifað stutta, einfalda texta, s.s. fylla út eyðublöð og skrifa skilaboð

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig á einfaldri íslensku um daglegt líf, munnlega og skriflega
- fara eftir einföldum fyrirmælum, munnlegum og skriflegum
- þekkja venjulegar íslenskar samskiptavenjur og geta farið eftir þeim

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega

Skólar**Fyrirmynd**